

Mál nr. 106/2010

M

og

vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar A.

Gildissvið kaskótryggingar og fjárhæð bóta vegna óhapps 26. september 2009.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 13. apríl 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 3. maí 2010.

Málsatvik.

Þann 26. september 2009 varð tjón á bifreiðinni A þar sem ökumaður hennar ók út frá bifreiðastæði á aðra bifreið og var metinn í algjörum órétti vegna árekstursins. Þegar eigandi A (M) hafði samband við V og óskaði eftir að fá tjón á bifreiðinni bætt úr kaskótryggingu þá fékk hann þau svör að ekki væri í gildi kaskótrygging hjá félaginu vegna A. Má rekja það til þess að eigendaskipti höfðu átt sér stað fjórum dögum áður, eða þann 22. september 2009. Þá varð M eigandi bifreiðarinnar en áður hafði hún verið í eigu móður hans og kaskótryggð hjá V á hennar nafni. Í samskiptum M og V eftir umferðaróhappið var gengið hafi verið út frá því að ekki hafi verið í gildi kaskótrygging vegna bifreiðarinnar og V sendi tölvupóst þann 28. október 2009 um að engin kaskótrygging hafi verið í gildi á tjónsdegi. Í janúar 2010 benti lögmaður M félaginu á ákvæði skilmála kaskótrygginga, sem á stoð í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og kveður á um að trygging eldri eiganda gildi í 14 daga frá eigendaskiptum hafi fyrri eigandi ekki sjálfur keypt tryggingu.

M telur að V hafi valdið honum tjóni með því að gefa rangar upplýsingar um bótarétt úr kaskótryggingu V og vísar í almennar skaðabótareglur innan samninga. Krafa M byggist á því að hann hafi orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni vegna afnotamissis í þrjá mánuði sem hann metur á kr. 826.788.- Í málskoti kemur fram að með samþykki V sé þess óskað að nefndin úrskurði um fjárhæð bóta.

V telur málið ekki heyra undir starfssvið úrskurðarnefndar þar sem ekki sé gerð krafa í tiltekna vátryggingu og vísar til samþykka nr. 1090/2005 um nefndina. V samþykkir auk þess ekki að nefndin úrskurði um ágreining um fjárhæð bóta, sbr. 2.mgr. 3.gr. samþykka nefndarinnar og mótmælir þeim forsendum sem fjárhæðin er byggð á.

Álit.

Í 1.mgr. 3.gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005 kemur fram að nefndin úrskurði „...um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi“. Samþykktirnar kveða því ekki með skýrum hætti á um að um bótaskyldu úr vátryggingu þurfi að vera að ræða og er orðalagið sem snýr að bótaskyldu vátryggingafélags því túlkað með víðtækum hætti og telst málið að því leyti tækt til úrskurðar nefndarinnar. Hins vegar þegar litið er til eðli kröfu M um að úrskurðað sé um fjárhæð bóta fyrir ófjárhagslegt tjón hans hefur V mótmælt því að nefndin fjalli um slíkan ágreining um fjárhæð bóta. Í 2.mgr. 3.gr. áðurnefndra samþykka kemur fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Slíkt samþykki er ekki fyrir hendi og verður því að vísa málinu frá með vísan til 2.mgr. 3.gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 18. maí 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.